

## Hagnaður 1.335 milljónir króna á 2. ársfjórðungi 2022

### Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.325 millj. kr. Framlegðarstig nam 24,5% og lækkar um 0,6 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 2.911 millj. kr. samanborið við 2.458 millj. kr. á 2F 2021, sem jafngildir 18,4% hækkun milli ára.
- Hækkun hrávöruverðs í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og aukin verðbólga áframhaldandi áhyggjuefni.
- Eigið fé í lok 2F 2022 nam 32.984 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 36,2% samanborið við 39,4% í lok árs 2021.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru 27.513 millj. kr. í lok 2F 2022 samanborið við 23.309 millj. kr. í lok árs 2021.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2022 er hækkuð um 400 millj. kr. og er nú 9.800 - 10.200 millj. kr.

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Vöru- og þjónustusala	29.936	24.326	5.610	23,1%	54.508	45.244	9.264	20,5%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.325	6.106	1.220	20,0%	13.060	11.249	1.810	16,1%
Aðrar rekstrartekjur	482	603	-122	-20,2%	912	1.058	-146	-13,8%
EBITDA	2.911	2.458	452	18,4%	4.660	3.963	697	17,6%
EBIT	2.009	1.767	242	13,7%	2.960	2.479	481	19,4%
EBT	1.636	1.249	387	31,0%	2.208	1.601	607	37,9%
Hagnaður tímabilsins	1.335	1.043	293	28,1%	1.811	1.332	479	36,0%
<b>Efnahagsreikningur</b>					<b>30.6.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Birgðir					12.462	9.545	2.917	30,6%
Viðskiptakröfur					6.011	4.757	1.254	26,4%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					29.598	27.312	2.286	8,4%
Handbært fé					2.085	4.003	-1.918	-47,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					27.513	23.309	4.204	18,0%
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>2F 2022</b>	<b>2F 2021</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>	<b>6M 2022</b>	<b>6M 2021</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Handbært fé frá rekstri	476	2.991	-2.515	-84,1%	1.459	3.382	-1.923	-56,9%
Fjárfestingarhreyfingar	-959	-81	-878	1079,4%	-2.577	-468	-2.109	450,7%
Fjármögnunarhreyfingar	-113	-2.243	2.130	-94,9%	-795	-2.360	1.565	-66,3%
Handbært fé í lok tímabils	2.085	3.134	-1.050	-33,5%	2.085	3.134	-1.050	-33,5%
<b>Lykiltölur</b>								
Framlegð af vörusölu	24,5%	25,1%	-0,6%	-2,5%	24,0%	24,9%	-0,9%	-3,6%
EBITDA/framlegð	39,7%	40,3%	-0,5%	-1,3%	35,7%	35,2%	0,4%	1,3%
Eiginfjárhlutfall	36,2%	39,4%	-3,3%	-8,3%	36,2%	35,7%	0,5%	1,3%
Laun/framlegð	46,5%	49,4%	-2,9%	-5,8%	49,1%	51,9%	-2,8%	-5,3%
Fjárfestingar	1.216	538	678	126,0%	3.115	989	2.126	215,0%
Veltuhraði birgða	8,0	8,0	0,0	-0,6%	8,0	8,0	0,0	-0,6%

## Rekstur 2. ársfjórðungs 2022

Rekstur félagsins er aftur að komast í eðlilegt horf eftir afléttingar samkomutakmarkana COVID-19 um síðustu áramót með fleiri erlendum ferðamönnum og ferðum Íslendinga erlendis. Kostnaðarverð seldra vara og vörusala hækkaði áfram umtalsvert á fjórðungnum með hækkun hrávöruverðs á heimsmarkaði ásamt aukinni verðbólgu sem lækkar framlegðarstig milli ára. Rekstur félagsins gekk betur á öðrum ársfjórðungi en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afkoma N1 var 715 millj. kr. betri en árið áður, afkoma ELKO var svipuð en afkoma Krónunnar var 185 millj. kr. verri. EBITDA félagsins nam 2.911 millj. kr. sem er 452 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

## Tekjur 2. ársfjórðungs 2022

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 29.936 millj. kr. sem er um 23,1% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 13.905 millj. kr. sem er aukning um 5,6% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu jukust um 4.078 millj. kr. milli ára eða 71,3%.
- Tekjur af raftækjasölu námu 3.919 millj. kr. sem er 11,6% aukning milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.317 millj. kr. sem er aukning um 19,9% milli ára.

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
<b>Vöru- og þjónustusala</b>								
Dagvörur	13.905	13.166	739	5,6%	26.305	25.409	896	3,5%
Eldsneyti og rafmagn	9.794	5.716	4.078	71,3%	16.861	9.896	6.965	70,4%
Raftæki	3.919	3.512	407	11,6%	7.316	6.727	589	8,8%
Aðrar vörur og þjónusta	2.317	1.932	385	19,9%	4.025	3.211	814	25,4%
<b>Samtals vöru- og þjónustusala</b>	<b>29.936</b>	<b>24.326</b>	<b>5.610</b>	<b>23,1%</b>	<b>54.508</b>	<b>45.244</b>	<b>9.264</b>	<b>20,5%</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>482</b>	<b>603</b>	<b>-122</b>	<b>-20,2%</b>	<b>912</b>	<b>1.058</b>	<b>-146</b>	<b>-13,8%</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>30.418</b>	<b>24.930</b>	<b>5.488</b>	<b>22,0%</b>	<b>55.420</b>	<b>46.302</b>	<b>9.118</b>	<b>19,7%</b>

Tekjur af dagvörusölu jukust um 5,6% milli ára en verslunum Krónunnar fækkaði um tvær frá fyrra ári eftir sölu þeirra um mitt síðasta ár en jókst svo aftur um eina frá 12. maí sl. er ný verslun var opnuð í Borgartúni. Tekjur af eldsneyti og rafmagni hækkuðu um 71,3% milli ára en gríðarleg hækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis var á milli fjórðunga eða á bilinu 90-120% milli vörutegunda. Selt magn nam um 49,3 millj. lítra og jókst um 10,2% milli ára vegna aukinna umsvifa tengt loðnuvertíð og afléttingu samkomutakmarkana. Tekjur af raftækjasölu jukust um 11,6% og tekjur af öðrum vörum og þjónustu um 19,9% milli ára en mikil söluaukning í efnavörum, hjólbörðum og þjónustutekjum er milli ára.

## Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 2. ársfjórðungi 2022

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.325 millj. kr. sem er 20,0% aukning milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 3.356 millj. kr. sem er aukning um 5,7% milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.963 millj. kr. sem er aukning um 62,2% milli ára. Framlegðarstig lækkar um 1,2 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 987 millj. kr. sem er aukning um 6,5% milli ára.

**27. júlí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2022**

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
<b>Framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>								
Dagvörur	3.356	3.176	180	5,7%	6.235	5.995	240	4,0%
Eldsneyti og rafmagn	1.963	1.210	753	62,2%	3.237	2.165	1.073	49,5%
Raftæki	987	927	60	6,5%	1.902	1.772	129	7,3%
Aðrar vörur og þjónusta	1.019	792	227	28,6%	1.685	1.317	368	27,9%
<b>Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>	<b>7.325</b>	<b>6.106</b>	<b>1.220</b>	<b>20,0%</b>	<b>13.060</b>	<b>11.249</b>	<b>1.810</b>	<b>16,1%</b>

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.325 millj. kr. samanborið við 6.106 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2021 sem er 20,0% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 3.356 millj. kr. sem er 5,7% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.963 millj. kr. sem er um 753 millj. kr. aukning milli ára. Hagnaður af eldsneytisvörnum nam 216 millj. kr. á fjórðungnum sem er um 55 millj. kr. aukning milli ára. Framlegðarstig lækkar úr 21,2% í 20,0% milli ára vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði milli ára. Framlegð af raftækjasölu var 987 millj. kr. sem er 6,5% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 1.019 millj. kr. sem er aukning um 28,6% milli ára.

**Rekstrarkostnaður 2. ársfjórðungs 2022**

- Rekstrarkostnaður í 2F 2022 var 4.897 millj. kr. og hækkar um 646 millj. kr. frá 2F 2021 eða um 15,2%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 391 millj. kr. milli ára eða um 13,0%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 255 millj. kr. milli ára eða um 20,7%

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarkostnaður</b>								
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.408	3.017	391	13,0%	6.414	5.834	580	9,9%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>								
Rekstrarkostnaður fasteigna	430	349	81	23,3%	860	726	134	18,4%
Viðhaldskostnaður	198	231	-32	-14,1%	429	431	-2	-0,5%
Sölu og markaðskostnaður	405	324	82	25,2%	710	586	124	21,2%
Samskiptakostnaður	197	157	40	25,1%	394	335	59	17,8%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	91	59	33	55,2%	200	202	-2	-0,9%
Vátrygginga og tjónakostnaður	55	40	15	37,1%	119	99	19	19,5%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	24	9	15	178,2%	48	24	24	100,5%
Annar kostnaður	87	65	22	33,6%	138	107	31	29,3%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>1.489</b>	<b>1.234</b>	<b>255</b>	<b>20,7%</b>	<b>2.898</b>	<b>2.510</b>	<b>388</b>	<b>15,5%</b>
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>4.897</b>	<b>4.251</b>	<b>646</b>	<b>15,2%</b>	<b>9.312</b>	<b>8.344</b>	<b>968</b>	<b>11,6%</b>

Laun og annar starfsmannakostnaður í 2F 2022 nam 3.408 millj. kr. samanborið við 3.017 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 13,0% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.237 á fjórðungnum sem er fjölgun um 43 stöðugildi milli ára. Tvær samningsbundnar launahækkanir tóku gildi milli tímabilanna eða í janúar 2022 og apríl 2022 sem höfðu 128 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

<b>Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2021</b>	<b>3.017</b>
Stöðugildi - breyting	107
Samningsbundnar launahækkanir	128
Orlofsskuldbinding	-16
Starfsmannakostnaður	66
Annað	107
<b>Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2022</b>	<b>3.408</b>

**27. júlí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2022**

Annar rekstrarkostnaður var 1.489 millj. kr. samanborið við 1.234 m.kr. á 2F 2021, sem er hækkun um 20,7% milli ára. Aukningin stafar að mestu vegna sölutengds kostnaðar sem hækkar með meiri veltu og aukinna umsvifa í kjölfar afléttingar samkomutakmarkana.

**Fjármagnsliðir 2. ársfjórðungs 2022**

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 373 millj. kr. á 2F 2022 samanborið við 518 millj. kr. frá árinu áður. Lækkunin er því 145 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld voru 572 millj. kr. og lækkuðu um 48 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarféлага námu 106 millj. kr. og hækkuðu um 25 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	93	22	72	330,0%	94	48	46	94,5%
Fjármagnsgjöld	-572	-621	48	-7,8%	-1.015	-1.052	37	-3,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	106	81	25	31,1%	169	126	43	34,1%
<b>Samtals</b>	<b>-373</b>	<b>-518</b>	<b>145</b>	<b>-28,0%</b>	<b>-752</b>	<b>-878</b>	<b>126</b>	<b>-14,3%</b>

**Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 2F 2022**

- Heildar eignir námu 91.198 millj. kr. í lok 2F 2022 og hafa aukist um 5.227 millj. kr. frá áramótum.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 36,2% í lok 2F 2022 samanborið við 39,4% í árslok 2021.
- Handbært fé nam 2.085 millj. kr. í lok 2F 2022 sem er lækkun um 1.918 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	30.6.2022	31.12.2021	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.624	4.744	-120	-2,5%
Rekstrarfjármunir	33.856	32.544	1.312	4,0%
Leigueignir	7.924	6.155	1.769	28,7%
Fjárfestingarfasteignir	6.421	6.100	321	5,3%
Birgðir	12.462	9.545	2.917	30,6%
Viðskiptakröfur	6.011	4.757	1.254	26,4%
Handbært fé	2.085	4.003	-1.918	-47,9%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	29.598	27.312	2.286	8,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	27.513	23.309	4.204	18,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir	35.766	29.731	6.034	20,3%
Eignfjárhlutfall	36,2%	39,4%	-3,3 p.p.	-8,3%
Veltuhraði vörubirgða	8,0	8,0	-0,1	-0,6%

Viðskiptavild nam 14.668 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.624 millj. kr. í lok 2F 2022. Rekstrarfjármunir námu 33.856 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 6.421 millj. kr. og hækka um 321 millj. kr. frá áramótum.

## 27. júlí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2022

Vörubirgðir hækka um 2.917 millj. kr. vegna hækkunar hrávöruverðs og opnun nýrra verslana á 2. og 3. ársfjórðungi. Viðskiptakröfur hækka um 1.254 millj. kr. frá áramótum í takt við hækkun heimsmarkaðsverðs og vegna árstíðasveiflu í rekstrinum.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu samtals 27.513 millj. kr. sem er hækkun um 4.204 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 36,2% í lok 2F 2022 samanborið við 39,4% í lok árs 2021. Arður að fjárhæð 1.562 millj. kr var greiddur til hluthafa 8. apríl sl. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

### Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2022

- Handbært fé frá rekstri á 2F 2022 var 476 millj. kr. samanborið við 2.991 millj. kr. á 2F 2021.
- Fjárfestingahreyfingar neikvæðar um 959 millj. kr., aukning um 878 millj. kr. milli ára.
- Fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 113 millj. kr., minnkun um 2.130 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.	6M 2022	6M 2021	Breyt.	% Breyt.
<b>Sjóðstreymi</b>								
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>2.653</b>	<b>2.463</b>	<b>190</b>	<b>7,7%</b>	<b>4.003</b>	<b>2.563</b>	<b>1.440</b>	<b>56,2%</b>
Handbært fé frá rekstri	476	2.991	-2.515	-84,1%	1.459	3.382	-1.923	-56,9%
Fjárfestingarhreyfingar	-959	-81	-878	1079,4%	-2.577	-468	-2.109	450,7%
Fjármögnunarhreyfingar	-113	-2.243	2.130	-94,9%	-795	-2.360	1.565	-66,3%
Gengismunur af handbæru fé	28	4	24	575,7%	-5	17	-23	-131,2%
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-568</b>	<b>671</b>	<b>-1.239</b>	<b>-184,6%</b>	<b>-1.918</b>	<b>571</b>	<b>-2.489</b>	<b>-435,9%</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>2.085</b>	<b>3.134</b>	<b>-1.050</b>	<b>-33,5%</b>	<b>2.085</b>	<b>3.134</b>	<b>-1.050</b>	<b>-33,5%</b>

Handbært fé frá rekstri á 2F 2022 nam 476 millj. kr. sem er lækkun um 2.515 millj. kr. milli ára. Aukin fjárbinding í vörubirgðum og viðskiptakröfum skýrir breytinguna milli ára. Fjárfestingar námu 1.216 millj. kr. sem er aukning um 678 millj. kr. milli ára. Kaup á eigin bréfum námu 195 millj. kr. og afborganir á vaxtaberandi lánum námu um 695 millj. kr. Handbært fé lækkaði um 568 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2022 og nam 2.085 millj. kr. í lok júní 2022.

### Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2022

Í ljósi betri afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2022 og mati stjórnenda á horfum út árið þá er EBITDA spá félagsins fyrir árið 2022 hækkuð um 400 millj. kr. eða í 9.800 - 10.200 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda

Eiginfjárhlutfall félagsins er 36,2% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

## 27. júlí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2022

### Hluthafar

---

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2022 nam 65 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 1.161 í lok 2F 2022.

### Kynningarfundur fimmtudaginn 28. júlí 2022

---

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 28. júlí 2022 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 - 14, 3. hæð.

Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármálasviðs Festi mun kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi:

[www.festi.is/r/fjarhagsupplýsingar](http://www.festi.is/r/fjarhagsupplýsingar)

### Fjárhagsdagatal

- Árshlutauppgjör 3F 2022: 26. október 2022
- Ársuppgjör 2022: 8. febrúar 2023
- Aðalfundur 2023: 22. mars 2023

Nánari upplýsingar veitir Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs ([mki@festi.is](mailto:mki@festi.is)).